

**REGLUGERÐ**  
**um (9.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020,**  
**um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir 3. og 5. másl. 2. mgr. 4. gr. skal Fiskistofa auglýsa eftir tilboðum í það aflamagn af loðnu sem ekki hefur verið boðið upp á skiptimarkaði samkvæmt 6. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Tilboð skulu hafa borist Fiskistofu fyrir kl. 16.00 þann 23. febrúar 2021.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. febrúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*